

## Skráning á alþjóðaráðstefnu DKG í Reykjavík 25.-27. júlí 2019

### Leiðbeiningar:

Name: Nafn og föðurnafn

Badge name: Það sem þú vilt láta standa á nafnspjaldinu þínu (oftast bara nafn og föðurnafn)

E-mail: tölvupóstfang

Mobile: Farsími

I am:

DKG member: Þarna haka þeir við sem eru félagar í DKG

Guest/non member: Þarna haka þeir við sem eru ekki félagar í DKG en ráðstefnan er opin öllum.

Dietary restrictions: Þarna er möguleiki fyrir þá sem eru á sérþæði að haka við hvað þeir vilja í þeim efnum.

---

### DKG members only:

Í næstu reiti skrifa bara þeir sem eru félagar í DKG

Chapter: nafn á deild

State Org: nafn á landssambandi ...í okkar tilfalli Iceland

Year of initiation: Hvaða ár gekkstu í samtökin?

Member ID: Félagsnúmer þitt hjá samtökunum. Ekki er endilega nauðsynlegt að gefa það upp en þeir sem ekki vita sitt félaganúmer geta sent póst á gjaldkera landssambandsins, Jensínu Valdimarsd. ([gvjv@simnet.is](mailto:gvjv@simnet.is)) og óskað eftir sínu númeri. Ef Jensína hefur það ekki má senda tölvupóst til Gloria Morales ([gloriaM@dkg.org](mailto:gloriaM@dkg.org)) (hún heldur utan um þessa hluti á alþjóðaskrifstofunni), gefa upp nafn, heimilsfang, deild og state og hún mun senda ykkur ID númerið um hæð

---

### Position held as of July 1 2019 (please specify):

**International:** Þeir sem gegna einhverri stöðu fyrir alþjóðasambandið, eru t.d. í erlendri nefnd, skrifa það í þennan reit, aðrir skilja hann eftir auðan eða skrifa bara Member.

**State Org:** Þeir sem gegna einhverri stöðu fyrir landssambandið, eru t.d. í stjórn eða einhverri nefnd, skrifa það í þennan reit, aðrir skilja hann eftir auðan eða skrifa bara Member.

Chapter: Þeir sem gegna einhverri stöðu fyrir deildina sína, eru t.d. í stjórn, gjaldkerar, vefritarar eða eitthvað slíkt, skrifa það í þennan reit, aðrir skilja hann eftir auðan eða skrifa bara Member.

**First International Conference :**

Ef þú hefur áður sótt Evrópuráðstefnu eða alþjóðlega ráðstefnu DKG þá hakar þú við Yes, annars hakarðu við No.

**Name of Guest** (Family/Medical Companion): Ef þú tekur með þér maka á ráðstefnuna eða þarft fylgdarmann (t.d. vegna veikinda) þá skráirðu nafn hans hér. Þessir aðilar borga lítils háttar ráðstefnugjald en fá ekki „venjuleg“ ráðstefnugögn sem aðrir þátttakendur fá.

---

#### International Conference Events:

**Registration fee (all days) paid before or on June 25:** Þarna hakar venjulegur þátttakandi sem sækir ráðstefnuna og borgar gjaldið fyrir 25. júní.

**Registration Fee (all days) Non-Member paid before or on June 25.** Þarna haka þeir við sem ekki eru DKG félagar en borga gjaldið fyrir 25. júní.

**Registration Fee (all days) paid after June 25:** Hér haka allir við sem skrá sig eftir 25. júní, bæði DKG félagar og þeir sem eru ekki í félaginu.

#### Here below: Registration only for those who don't want to attend all three days:

Í reitunum hér fyrir neðan haka þeir við (bæði DKG félagar og NonMembers) sem ætla bara að sitja ráðstefnuna í einn dag (velja hvaða dag þeir vilja vera). Ath. að það borgar sig fyrir þá sem ætla að taka þátt í tvo daga að borga fullt ráðstefnugjald, því það er ódýrara (16. þús) en að borga fyrir tvo staka daga.

Family/Medical Companion Registration Fee (no conference materials): Hér haka þeir við sem eru fylgdarmenn DKG kvenna á ráðstefnunni. Fyrir ráðstefnugjaldið fá þeir að taka þátt í því sem boðið er uppá með þeim sem þeir eru að fylgja, en fá ekki afhent nein ráðstefnugögn.

Aðrir viðburðir hér fyrir neðan skýra sig sjálfir en þeir eru Iceland by Night, Grand dinner, hádegisverður á föstudegi, og afmælis-hádegisverður á laugardegi.

Í lokin þarf svo að **haka í boxið fyrir framan Terms and condition** (muna eftir að lesa samt skilmálana 😊) og svo þarf að **haka í boxið í I am not a robot kassanum**.